

Fréttabréf Jötunheima

1.tbl. 10. árg.

Apríl 2017

Valan

Undanfarna mánuði hefur verið í innleiðingu nýtt kerfi sem leikskólarnir nota til að halda utan um nemendur skólanna. Þetta kerfi heitir Valan og þar geta stjórnendur fært inn allar breytingar sem foreldrar sækja um að gera varðandi vistunartíma barna sinna. Við sendum í gegnum þetta kerfi reikninga fyrir leikskólagjöldum á gjaldkera sveitarfélagsins sem sendir þá í innheimtu. Einnig getum við sent tölvupóst með þessu kerfi. Það sem við höfum rekið okkur á varðandi tölvupóstinn er að þeir foreldrar sem eiga fleiri en eitt barn fá póstinn tvisvar. Í framtíðinni verður hægt að sækja um allar breytingar sem foreldrar vilja gera ásamt því að sækja um leikskólapláss á Mín Árborg og þá kemur það beint í viðkomandi leikskóla.

Viðburðir fram að sumarfríi

- 3. apríl. Vorskóli í Vallaskóla.
- 4. apríl. Vorskóli í Vallaskóla.
- 4. apríl. Blár dagur.
- 12. apríl. Gulur dagur.
- 19. apríl. Leikskólinn lokaður vegna skipulagsdags.
- 21. apríl. Leikskólinn lokaður vegna skipulagsdags.
- 8. – 19. maí. Listasýning opin í Jötunheimum.
- 12. maí. Afa og ömmudagur.
- 16. maí. Hjóladagur.
- 19. maí. Íþróttadagur.
- 24. maí. Útskriftarferð.
- 30. maí. Útskrift elstu nemenda leikskólans.
- 15. júní. Hjóladagur.
- 6. júlí. Sumarfrí byrjar



Námsferð kennara til Aberdeen í Skotlandi

Dagana 19. – 23. apríl verður leikskólinn lokaður vegna námsferðar kennara til Aberdeen. Það eru 32 kennarar sem fara í ferðina og skoða þar skólana The International School of Aberdeen sem er einkarekinn skóli og Kenellar School sem rekinn er af ríkinu. Þeir kennarar sem ekki fara í ferðina eru ýmist í orlofi eða heimsækja eftirtalda skóla: Kerhólsskóla, Bergheima, Hulduheima og Álfheima.

Sumarfrí

Leikskólinn lokar vegna sumarleyfa 6. júlí til 9. ágúst 2017. Báðir dagar meðtaldir. Leikskólinn opnar aftur fimmtudaginn 10. ágúst.

Símanúmer í leikskólanum

Aðalnúmer: 480-6370 svarað í Ráðhúsinu
Leikskólastjóri, Júlíana: 480-6372
Aðstoðarleikskólastjóri, Guðný: 480-6373
Sérkennslustjóri, Rannveig: 480-6375
Merkiland, deildarstjóri Dagný Björk: 480-6385
Fossmúli, deildarstjóri Valgerður Rún: 480-6386
Aðalból, deildarstjóri Ingunn: 480-6384
Fagurgerði, deildarstjóri Bára Kristbjörg: 480-6381
Sunnuhvoll, deildarstjóri Anna Þóra: 480-6382
Sólbakki, deildarstjóri Jóhanna: 480-6383



Lyfjagjafir í leikskólanum

Lyfjagjafir eru að jafnaði ekki framkvæmdar í leikskólanum, nema asthmalyf, ofvirknilyf og þau lyf sem nemandi eru lífsnauðsynleg og þarf að gefa á leikskólatíma.

Innivera og veikindi

Innivera er alla jafna ekki fyrirbyggjandi aðgerð. Metið er hverju sinni eftir veikindi hvort og þá hversu lengi nemandi þarf að vera inni.

Vistunartími nemenda

Foreldrar/forráðamenn eru vinsamlega beðnir að virða þann vistunartíma sem þeir velja fyrir barnið sitt. Hægt er að biðja um að breyta vistunartíma og er það gert á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 15. hvers mánaðar og breytingin tekur þá gildi um næstu mánaðmót. Yfirleitt er hægt að verða við óskum foreldra um breyttan vistunartíma.



Skemmtanir í Jötunheimum

Í marsmánuði buðu nemendur gestum að koma á skemmtanir til sín. Börnin hafa undanfarnar vikur lagt mikið kapp á undirbúning og upptökur á efni farið fram á ólíklegustu stöðum leikskólans. Þetta hefur verið skemmtileg vinna og vonandi hafa gestir notið þess að koma og hafa gaman með börnunum sínum. Það hefur verið gaman að sjá hversu margir hafa séð sér fært að koma og við þökkum öllum kærlega fyrir það.

Gjafir til leikskólans

Foreldrafélagið gaf leikskólanum stafræna smásjá sem á eftir að koma sér vel í leikskólastarfinu. Með henni gefst nemendum tækifæri til að rannsaka allt milli himins og jarðar. Hægt er að tengja smásjónna við tölvu sem gefur okkur þann möguleika að viðfangsefnið birtist á tölvuskjá og þá geta allir skoðað í einu. Við þökkum foreldrafélaginu kærlega fyrir góða gjöf.

Körfuknattleiksdeild FSU færði okkur fjóra körfubolta að gjöf nú á dögum. Þeir eiga eftir að koma að góðum notum. Við þökkum fyrir góða gjöf.



Þróunarverkefni „námsmat á mörkum skólastiga“

Í vetur höfum við í Jötunheimum tekið þátt í þróunarverkefni ásamt öllum leikskólum og grunnskólum sveitarfélagsins og FSU þar sem megin áhersla hefur verið á námsmat á mörkum skólastiga. Þegar við fórum að skoða starfið okkar í haust fundum við að okkur langaði að fara þá leið að samræma verkferla og vinnulag innan skólans okkar. Við höfum því í vetur verið með aðaláherslu á að endurskoða foreldraviðtalsblöðin, hvernig nýtum við niðurstöður úr TRAS-skimun og hvernig nemendur flytjast milli deilda í Jötunheimum. Vinnan hefur gengið nokkuð vel og verður haldið áfram næstu ár.



Fundargerð foreldraráðs

Fundur foreldraráðs 27. febrúar 2017 kl. 20:00

Mættir: Júlíana Tyrfingsdóttir, Guðrún Hrafnhildur Klemenzdóttir, Hugrún Vignisdóttir og Sif Sigurðardóttir.

- Skóladagatal. Starfsdagar samstilltir við grunnskóla eins og hægt er að verða við. Foreldraráð skilar inn skriflegu samþykki til fræðslunefndar.
 - Hver deild fær autt dagatal inn til sín og farið yfir með börnunum og komið með uppástungur um skemmtilega viðburði sem hægt sé að setja inn á skóladagatalið.
- Foreldrakönnun skólapúlsins mun koma inn á næstunni. Búið að vera að vinna að ýmsu síðan síðasta könnun fór fram, haldið áfram að vinna í því sem vel gengur og bæta það sem þarf.
- Húsnæði og tækjakostur. Leikskólinn nokkuð vel settur hvað tækjakost varðar, verið að endurnýja nokkrar tölvur og öðru haldið við. Húsnæði gott að mestu leyti. Góð hljóðvist. Leki komið fram í aðstöðu kennara sem verður skoðað.
- Úttekt hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Tækifæri fyrir leikskólann að vera í þessari úttekt. Þarf að bæta leiksvæðið. Grasið hættulegt og getur orðið einn forarpyttur. Líklega fer ferlið hjá þeim í gang í lok september.
- Þróunarverkefni leikskólans- Námsmat á mörkum skólastiga. A) TRAS og hvernig er verið að vinna út úr því. Allir meðvitaðir um það sem þarf að vera að gera og upplýsingum komið áfram á alla þá sem vinna með barninu. B) Starfsaðferðir þegar verið er að flytja börn á milli deilda. Misjafnar aðferðir, fer mikið eftir deildarstjórum. Margar góðar leiðir sem hægt er að samræma. Góð og flott vinna í kringum þetta sem hefur skilað góðum árangri. C) Foreldrasamtöl. Leggja áherslu á að þetta verði samtal og efla það. Verið að þróa ný foreldraviðtalsblöð þannig að foreldrar hafi sömu upplifun óháð hvaða kennara er rætt við.
- Jötunheimar sækja um styrk hjá sprotasjóð varðandi lærdómssamfélagið.
- Heilsueflandi leikskóli er í skoðun. Ýmsar góðar og heilsueflandi breytingar til góðs, tómatsósa út, sykurinn í kanil út, margvíslegir ávextir á öskudaginn o.fl. Ekki verið að fara yfir í heilsuleikskóla eins og þekkist á öðrum leikskólum hér í Árborg. Þetta verkefni er undir handleiðslu landlæknis. Hægt að skoða meira um heilsueflandi leikskóla á vef Landlæknis Íslands.
- Farið yfir matseðla. Verða áfram mánaðarlegir fundir með matráðum Árborgar, farið yfir innkaup og tilboð og fiskidagar í samræmi við Sunnulækjarskóla.
- Fjárhagsáætlun samþykkt.
- Bílastæðamál. Sendur var undirskriftalisti frá foreldrum leikskólans. Gert er ráð fyrir nýjum bílastæðum í framkvæmd árið 2018.
- Önnur atriði:
 - Komin litavesti á hverja deild sem hjálpar til við að sjá börn á hverri deild fyrir sig og eykur öryggi þeirra á leikvellinum.
 - Fyrirspurn frá yfirþjálfara körfuknattleiksdeildar FSU sem langar að færa leikskólanum (ásamt öðrum leikskólum í sveitarfélaginu) körfubolta. Leikskólastjóri veitir samþykki fyrir því fyrir hönd Jötunheima.
 - Mikið um langvarandi veikindi starfsmanna.
 - Endurskoðun á skólastefnu Árborgar sem rennur út núna er hafin.
 - Foreldraráð fari yfir áætlanir sem þarf á næsta fundi og hér eftir verði það á vorfundi en ekki haustfundi eins og áður.
 - Greint frá ferð leikskólans til Aberdeen í Skotlandi í apríl.